



# Stefna Öldutúnsskóla

## um samstarf og samábyrgð heimila og skóla

### Yfirmarkmið

- Að stuðla að gagnkvæmu traustu og árangursríku samstarfi milli heimila og skóla. Slíkt samstarf felur í sér samráð og samvinnu um hegðun, umgengni innan skólans, skólabrag og áhersluatriði í skólastefnu.
- Að stuðla að því að foreldrar/forráðamenn verði ávallt virkir þátttakendur í námi barnanna og vel upplýstir um starfsemi skólans.

### 1. Upplýsingastreymi

Markmið: Að gagnkvæm og virk upplýsingamiðlun sé á milli heimili og skóla.

Það verður gert með því að

- Tryggja skilvirkar boðleiðir, m.a. með því að foreldrum sé ljóst til hvaða aðila innan skólans þeir eigi að snúa sér hverju sinni.

### Boðleiðir

- Hafa reglulega fundi skólastjórnar og foreldraráðs.
- Sérstök fréttasíða Foreldrafélagsins í Öldubroti, fréttabréfi skólans.
- Halda úti aðlaðandi og vel uppfærðri heimasíðu skólans og þar hafi foreldrafélagið sérstakan stað til að koma efni á framfæri.
- Nota tölvur í samskiptum og tryggja að öll sú tækni sem þær hafa upp á að bjóða sé nýtt til að koma á gagnvirkri upplýsingajöf milli heimili og skóla.
- Hafa reglulega foreldraviðtöl og kynningarfundu.
- Kynna vel viðtalstíma kennara og annarra starfsmanna.
- Unnið eftir skipulögðu skráðu ferli varðandi móttöku foreldra og barna sem koma ný í skólann.

- Foreldrum standi til boða að koma inn í skólann og fylgjast með almennri starfsemi, bekkjarkennslu í samráði við kennara.
- Hafa reglubundnar viðhorfskannanir meðal foreldra tum skólastarfið og veita upplýsingar um niðurstöðu þeirra.

## 2. Fræðsla og ráðgjöf

Markmið: Að leggja áherslu á fræðslu og ráðgjöf um uppeldis- og skólamál til foreldra.

Það verður gert með því að

- Skólasamfélagið (skólinn ásamt skólayfirvöldum og foreldrum) standi fyrir fræðslu um skólamál til foreldra og veiti upplýsingar um starfið í skólanum, kynni starfsáætlanir skólans og standi fyrir fræðslu um kennslu- og uppeldismál.
- Ráðgjöf og stuðningur fyrir foreldra.
- Foreldrar þekki og séu virkir þátttakendur, eftir því sem við á, í úrræðum sem gripið er til þegar upp komi vandamál s.s. einelti eða hegðunarvandamál.
- Skipuleggja aðild foreldra að samstarfi skóla og félaga varðandi forvarnarstarf.

## 3. Félag foreldra innan skólans

Markmið: Að starfandi séu virkt foreldrafélag og foreldraráð og vænst virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu.

Það verður gert með því að

- Leggja áherslu á mikilvægi þátttöku allra foreldra í foreldrafélaginu í gegnum bekkjarfulltrúa.
- Tryggja gott aðgengi að foreldrafélags og foreldraráðs að fréttabréfum og góðum upplýsingum á heimasíðu skólans.
- Bjóða foreldrafélagi og, foreldraráði aðstöðu í skólanum fyrir fundarhöld og varðveislu bæði skriflegra og rafrænna gagna.
- Hvetja til samstafs við sambærileg félög annarra skóla.

## 4. Nám og kennsla

Markmið: Að stuðla að því að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna.

Það verður gert með því að:

- Að hlutverk og verkefni foreldra í samstarfi við skólann séu ávallt skýr.

- Birta foreldrum vitnisburð á lýsandi og greinandi hátt.
- Upplýsa foreldra um námsframvindu og félagslega stöðu með reglulegu millibili.
- Vinna sameiginlega að framgangi stefnu um heimanámið.
- Vinna sameiginlega að framgangi forvarnarstefnu og endurskoða hana árlega.
- Halda námskeið og fræðslufundi fyrir foreldra um árangursríkar aðferðir í námi.
- Hvetja foreldra til þátttöku í skýrum og afmörkuðum verkefnum t.d. það sem varðar samskipti við atvinnulíf og aðrar stofnanir í samfélaginu.
- Leggja áherslu á þátttöku foreldra við gerð áætlana varðandi úrvinnslu vandamála sem upp kunna að koma s.s. vegna eineltis og annarra áfalla.
- Þjóða foreldrum að taka þátt í daglegu skólastarfi.
- Gera foreldra meðvitaða um reglur innan skólans og að tryggja að sátt sé um þær.
- Legga árlega mat á framkvæmd stefnunnar meðal foreldra og starfsmanna.

Samþykkt á aðalfundi Foreldrafélags Öldutúnsskóla haustið 2006. Metin og endurskoðuð maí 2008.